

42. Skólanefndarfundur í skólanefnd Skeiðaog Gnúpverjahrepps 24 apríl 2018. Haldinn í Þjórsárskóla um Grunnskólamál.

Mætt. Einar Bjarnason, Anna Þórný Sigfúsdóttir, Georg Kjartansson, Ásmundur Lárusson, Ingvar Hjálmarsson, Bolette Höeg Koch skólastjóri, Kjartan Ágústsson fulltrúi kennara, Elín Sólveig Grímsdóttir fulltrúi foreldra og Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Ingvar Hjálmarsson ritar fundargerð.

1. Skóladagatal 2018-2019. Skólastjóri fór yfir helstu atriði í dagatalinu. Skólastjóri vinnur áfram að hugmynd um að færa til frí í dymbilviku. Skólanefnd samþykkir.
2. Reglur um sjúkrakennslu í Þjórsárskóla. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við við þessar reglur.
3. Atvinnumálafestna sveitarfélagsins / verkefni. Verkefni úr atvinnustefnu Skeiðaog Gnúpverjahrepps lögð fram. Svo vill til að þessum markmiðum hefur þegar verið náð.

4. Samningar um skólaakstur. Ekki hafa verið lögð fram gögn í skólanefnd til formlegrar afgreiðslu og gerir nefndin því athugasemd við lið nr 7. Samningar um skólaakstur í síðustu fundargerð sveitarstjórnar. Virðist málið vera komið í vandan farveg eins og lesa má í bókuninni. Leggur nefndin því til að samið verði við skólabílstjóra á þeim grunni sem eldri samningur kveður um. Með þeim viðauka að skólabílstjórar samþykki að fara í löggilda læknisskoðun samkvæmt gildandi reglum um aukin ökuréttindi fyrir skólabyrjun haustið 2018.

5 Önnur mál. Nokkuð ljóst þykir að þetta sé síðasti skólanefndarfundur um grunnskólamál og vill nefndarfólk þakka kærlega fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu.

Kjartan Ágústsson  
Bolette Höeg Koch  
Ingvar Hjálmarsson  
Ásmundur Lárusson  
Georg Kjartansson  
Einar Bjarnason  
Anna Þórný Sigfúsdóttir